



Jafnréttisáætlun Hvolsskóla

*Unnin vorið 2016,
af jafnréttisnefnd Hvolsskóla*

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, Jafnréttisstefnu Rangárpings Eystra, Skólanámskrá Hvolsskóla og Aðalnámskrá grunnskóla.

Í Hvolsskóla er einstaklingurinn í brennidepli sem birtist í einstaklingsmiðuðu námi, samvinnu og sveigjanleika í kennsluháttum. Miðað skal við þarfir og getu hvers og eins, með það að markmiði að stuðla að hámarksárangri.

Einkunnarorð skólans eru virðing, gleði, vinátta. Litið er þannig á að fjölbreytileiki í hópi nemenda og starfsmanna auðgi skólastarf. Í Hvolsskóla ríkir gagnkvæm virðing í samskiptum fólks sem birtist m.a. í starfsháttum meðal nemenda og starfsmanna sem einkennist af samvinnu og lýðræðislegri ákvarðanatöku. Skólastarf í anda jafnréttis á einnig að taka mið af mismunandi námshæfileikum nemenda. Tækifæri nemenda eiga ekki að byggja á kynferði heldur áhuga, hæfileikum og færni.

Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála

Jafnréttisstefna Hvolsskóla nær til nemenda og starfsmanna skólans. Skólinn er ekki aðeins mennta- og uppeldisstofnun, hann er líka vinnustaður fullorðins fólks og á honum hvíla skyldur og ábyrgð gagnvart starfsfólki. Því skiptist áætlunin í tvo hluta, þ.e. fyrir nemendur og starfsmenn. Það má líta á áætlunina sem viljayfirlýsingu starfsmanna skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á jafnréttisáætlun en skipar jafnréttisnefnd sem sér um endurskoðun og viðhald jafnréttisáætlunar. Árlega þarf að fara í gegnum áætlunina, uppfæra tölulegar upplýsingar og skipuleggja skólastarfið í samræmi við þau markmið sem sett hafa verið fram. Áætlunin er endurskoðuð í heild sinni á þriggja ára tímabili en árlega er unnin aðgerðaáætlun sem gildir fyrir skólaárið. Í aðgerðaráætlun kemur fram hvernig jafnréttisáætlun er viðhaldið, hver/hverjir bera ábyrgð á einstökum þáttum hennar og hvenær hver þáttur skal unninn. Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans.

Jafnréttisnefnd skipa: Elsa Gehringer, Erla Berglind Sigurðardóttir, Guri Hilstad Ólason og Þröstur Freyr Sigfússon.

Megin markmið jafnréttismenntunar

- Að stuðla að jafnrétti á sem víðtækustum grunni og vinna gegn hvers kyns staðalímyndum.
- Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfi.
- Leggja áherslu á að búa bæði nemendur undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi óháð kyn og kynhneigð.
- Nemendur eru hvattir til að sýna öðrum gagnkvæma virðingu og fordómaleysi.
- Aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans skal vera jöfn óháð kyni, kynþætti, kynhneigð, trúarskoðunum, búsetu eða uppruna.
- Innan skólans skal tryggja nemendum jafnt aðgengi að upplýsingum um réttindi og skyldur þeirra og hið sama á við um tækifæri til náms- og framtíðarstarfa.
- Kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi sem birst getur í mörgum myndum er ekki liðin í Hvolsskóla.
- Einelti er ekki liðið í Hvolsskóla, sjá eineltisáætlun skólans.

Aðgerðaráætlun varðandi jafnréttisfræðslu í Hvolsskóla

Markmið	Aldurshópur	Viðfangsefni	Ábyrgð	Tímarammi
Að allir nemendur skólans fái jafnréttis- og mannréttinda-fræðslu	1. – 4. bekkur	Rætt skal um jafnrétti út frá kyni, kynhneigð, kynvitund, fötlun, uppruna, þjóðerni.	Umsjónarkennari	Umræðan fer fram á hverju skólaári.
	5. – 7. bekkur	Rætt skal um jafnrétti út frá aldri, stétt, búsetu, kyni, kynhneigð, kynvitund, fötlun, uppruna, þjóðerni, húðlit og trúarbrögðum.	Umsjónarkennari og/eða kennari í samfélagsgreinum	Umræðan fer fram á hverju skólaári
	8. – 10. bekkur	Rætt skal um jafnrétti út frá aldri, stétt, búsetu, kyni, kynhneigð, kynvitund, fötlun, uppruna, þjóðerni, húðlit og trúarbrögðum.		
Að nemendur fái fræðslu um kyn, kynhneigð og kynvitund. Að nemendur fái fræðslu um kynferðislegt áreiti/ofbeldi og þekki hvert þeir geta leitað bæði innan og utan skólans.	1. – 4. bekkur	Ímyndir kynja og hefðir ræddar: -kvenleiki og karlmennska -kynhneigð og kynvitund -kynferðisofbeldi gegn börnum. .	Umsjónarkennari Skólahjúkrunarfræðingur Stjórnendur	Allir nemendur fá fræðslu jafnt yfir skólaárið.
	5. – 7. bekkur	Ímyndir kynja og hefðir ræddar: -kvenleiki og karlmennska -kynhneigð og kynvitund -kynferðislegt áreiti -kynferðisofbeldi gegn börnum.	Umsjónarkennari Samfélagsfræðikennari Náttúrufræðikennari Skólahjúkrunarfræðingur	Regluleg umræða í bekknum Regluleg fræðsla frá skólahjúkrunarfræðingi

		Fræðsla og umræða um samskipti kynjanna og virðingu Líkamsímynd og hugrekki. Klám og kynbundið ofbeldi.		
	8. – 10. bekkur	Ímyndir kynja og hefðir ræddar: -kvenleiki og karlmennska -kynhneigð og kynvitund -kynbundið ofbeldi -kynferðislegt áreiti -kynferðisofbeldi gegn börnum. Líkaminn minn Fræðsla og umræða um samskipti kynjanna, nánin sambönd, kynlíf, virðingu, Líkamsímynd og hugrekki. Klám og kynbundið ofbeldi.	Umsjónarkennari Skólahjúkrunarfræðingur Stjórnendur Samfélagsfræðikennari	Allir nemendur á unglíngastig fá kennslu í kynjafræði Fræðsla frá hjúkrunarfræðingi Fræðsla frá samtökum 78 einu sinni á unglíngastigi Fræðsla frá kynjafræðingi einu sinni á ári
Að gæta jafnréttis í starfi skólans og að borin sé virðing fyrir öllum nemendum og ólíkum skoðunum þeirra. Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri.	1. - 4. bekkur	Dagleg samskipti við nemendur. Allir nemendur fá tækifæri í almennum samskiptum og á bekkjarfundum til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri.	Allir starfsmenn skólans	Lýðræðislegar umræður innan bekkjar daglega Skýr viðbrögð og viðurlög við niðrandi umtali og fordómum innan nemendahópsins. Bekkjafundir reglulega
Að gæta jafnréttis í starfi skólans og að borin sé virðing fyrir öllum	5.-7. bekkur	Dagleg samskipti við nemendur. Allir nemendur fá tækifæri í almennum samskiptum og á	Allir starfsmenn skólans	Lýðræðislegar umræður innan bekkjar daglega

<p>nemendum og ólíkum skoðunum þeirra. Allir nemendur eiga að geta komið skoðunum sínum á framfæri</p>		<p>bekkjarfundum til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri.</p>		<p>Skýr viðbrögð og viðurlög við niðrandi umtali og fordómum innan nemendahópsins. Bekkjarfundir reglulega</p>
	<p>8. – 10. bekkur</p>	<p>Dagleg samskipti við nemendur. Allir nemendur fá tækifæri í almennum samskiptum og á bekkjarfundum til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri. Nemendur kjósa sér fulltrúa í nemendaráð og skólaráð.</p>	<p>Allir starfsmenn skólans</p>	<p>Lýðræðislegar umræður innan bekkjar Skýr viðbrögð og viðurlög við niðrandi umtali og fordómum innan nemendahópsins. Bekkjarfundir Nemendur kjósa sér fulltrúa í nemendaráð og skólaráð. Nemendaráð fundar reglulega yfir skólaárið.</p>
<p>Að vinna markvisst gegn hvers kyns staðalímyndum; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu.</p>	<p>1. – 4. bekkur</p>	<p>Allir kennarar skólans skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum. Þess er gætt að kennslu- og námsgögn mismuni ekki og ýti ekki undir staðalímyndir á grundvelli; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu. Rætt er um staðalímyndir í tengslum við náms- og starfsfræðslu og önnur svið þegar nám og störf eru til umræðu.</p>	<p>Kennarar Allir starfsmenn skólans</p>	<p>Skýr viðbrögð og viðurlög við niðrandi umtali og fordómum innan nemendahópsins.</p>

<p>Að vinna markvisst gegn hvers kyns staðalímyndum; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu.</p>	<p>5. – 7. bekkur</p>	<p>Allir kennarar skólans skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum. Þess er gætt að kennslu- og námsgögn mismuni ekki og ýti ekki undir staðalímyndir á grundvelli; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu. Rætt er um staðalímyndir í tengslum við náms- og starfsfræðslu og önnur svið þegar nám og störf eru til umræðu.</p>	<p>Kennarar Allir starfsmenn skólans</p>	<p>Skýr viðbrögð og viðurlög við niðrandi umtali og fordómum innan nemendahópsins.</p>
<p>Að vinna markvisst gegn hvers kyns staðalímyndum; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu.</p>	<p>8. – 10. bekkur</p>	<p>Allir kennarar skólans skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum. Þess er gætt að kennslu- og námsgögn mismuni ekki og ýti ekki undir staðalímyndir á grundvelli; kynja, kynhneigðar, kynvitundar, menningar, þjóðernis, tungumála, trúarbragða, lífsskoðana, fötlunar, aldurs, stéttar og búsetu. Rætt er um staðalímyndir í tengslum við náms- og starfsfræðslu og önnur svið þegar nám og störf eru til umræðu.</p>	<p>Kennarar Allir starfsmenn skólans</p>	<p>Skýr viðbrögð og viðurlög við niðrandi umtali og fordómum innan nemendahópsins.</p>

Starfsfólk

Markmið	Viðfangsefni	Ábyrgð	Tímarammi
<p>Orðalag starfsauglýsinga sé fullkomlega í anda jafnréttislaga og við ráðningar til starfa sé gætt jafnréttis. Við ráðningar skal þess gætt að ef um jafnhæfa einstaklinga er að ræða, að ráða starfsmann af því kyni sem er í lægra hlutfalli starfsmannahópsins.</p>		Skólastjóri, fræðslunefnd, sveitarstjórn.	Við auglýsingu starfa og ráðningar.
<p>Tryggja að jafnréttis sé gætt þegar þátttöku í launaðri yfirvinnu stendur til boða þó fagleg færni sé höfð fyrst að leiðarljósi. Starfsfólk skal eiga sem jafnastan aðgang að því er talist geta hlunnindi og skulu möguleikar til tekjuöflunar vera jafnir.</p>		Stjórnendur skólans	Við skipulagningu skólastarfs og við tímabundnar ráðningar til að mynda í stjórnarstöður.
<p>Allt starfsfólk fái jafna möguleika til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína. Að skoða árlega endurmenntun og styrki til starfsfólks vegna</p>	Gera endurmenntunaráætlun	Stjórnendur skólans.	Við skipulagningu skólastarfs og þegar við á.

endurmenntunar óháð kyni og stöðu.			
Þess skal gætt að starfsmenn hafi jöfn tækifæri til áhrifa á skólaþróun og til mótunar skólastarfs óháð kyni.		Stjórnendur skólans.	Ávallt við stefnumótun og þróun skólastarfs.
Allt starfsfólk skólans fái jafnréttisfræðslu	Kynvitund Kynferðisleg áreitni Kynbundið ofbeldi og kynferðisleg misnotkun	Stjórnendur skólans.	Starfsdagur á hausti og námskeið og fyrirlestrar yfir skólaárið.

Námsefnislisti

Yngsta stig
<i>Litli-kompás</i> - handbók um mannréttindamenntun. Nams.is – einnig til í vefútgáfu Pegar Rósa var Ragnar/ Þegar Friðrik var Fríða: Bókinni er ætlað að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Réttindi mín: Bók um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins Jafnréttishandbókin: hugmyndir af verkefnum í kennslu
Miðstig
Stattu með þér Stuttmynd og sjálfspjól á vefsíðu SAFT https://www.velferdarraduneyti.is/stattumedther/ http://www.saft.is/kennsluefni/#mi%C3%B0stig <i>Litli-kompás</i> - handbók um mannréttindamenntun. Nams.is – einnig til í vefútgáfu Ég þú og við öll Upp úr hjólförum - um mótun kynjanna: Úr viðjum vanans: kynmótun og ofbeldi Réttindi mín: Bók um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins Jafnréttishandbókin: hugmyndir af verkefnum í kennslu Ég er bara ég: Myndasaga sem kallar á fjölbreyttar umræður um jafnréttindi
Elsta stig
<i>Kompás</i> sem er handbók um mannréttindafræðslu og –menntun. Einnig til í vefútgáfu Ég þú og við öll Huxarinn: Vinnubók í jafnréttisfræðslu: Kynlega klippt og skorið Margt er um að velja: Náms og starfsfræðsla Úr viðjum vanans: kynmótun og ofbeldi Upp úr hjólförum - um mótun kynjanna: Sagan af Sylvíu og Darra: Leikin íslensk mynd um jafnan rétt kynjanna Upp úr hjólförum - um mótun kynjanna: Réttindi mín: Bók um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins Lífsgildi og ákvarðanir: Námsefni í kynfræðslu Jafnréttishandbókin: hugmyndir af verkefnum í kennslu Kynungabók: mismunandi mótun kynja út frá samfélaginu

Les- og ítarefni

Pegar Rósa var Ragnar/ Pegar Friðrik var Fríða: Bókinni er ætlað að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Bókin samanstendur af tveimur sögum, sögunni um Friðrik og sögunni um Rósu sem vakna morgun einn sem gagnstætt kyn. Við fylgjumst með þeim einn dag, bæði heima og í leikskólanum, og fáum að upplifa væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra út frá kyni. Bókin endurspeglar veruleikann eins og hann er, það er að stelpur og strákar fá mismunandi skilaboð, frá öðrum börnum og frá fullorðnum.

Aldurstig: Leikskólar og yngstastig grunnskóla

Útgáfuár: 2009

Höfundar: Louise Windfeldt og Katrine Clante.

Þýðandi: Þórlaug Baldvinsdóttir.

Eru fjöllin blá? Bók fyrir unga heimspekinga: Áhugaverð bók fyrir unga heimspekinga á aldrinum fjögurra til tíu ára. Í bókinni eru 10 stuttar siðferðisklípusögur sem snúa að heimi barna, upplifun þeirra á daglegu lífi og tilfinningum. Þessi bók er tilvalinn grunnur að samræðuþjálfun því hún fjallar um það sem brennur á börnum. Málvarið er auðskilið og hún er fallega myndskreytt. Frábær bók sem ég mæli með fyrir alla sem vilja leita svara með börnum.

Aldurstig: Yngsta- og miðstig

Útgáfuár: 2010

Höfundur: Íris Arnardóttir

Huxarinn: Vinnubók í jafnréttisfræðslu: Bókinni er ætlað að skapa samræður milli nemenda og kennara byggðar á jafnréttisgrundvelli, virðingu og virkri hlustun. Verkefni bókarinnar snúa að jafnrétti kynjanna, staðalímyndum, fjármálalæsi, og gagnrýnni hugsun. Kennarahefti fylgir hverju bekkjarsetti.

Aldurstig: Unglingastig

Útgáfuár: 2010

Höfundur: Íris Arnardóttir

Myndefni: Valey Sól Guðmundsdóttir

Kynungabók: Upplýsingarit fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja sem er ætlað að veita raunsæja mynd af stöðu kynjanna í samfélaginu og vekja ungt fólk til umhugsunar um hvernig mismunandi mótun kynjanna út frá menningu, umhverfi og tíma hefur áhrif á líf ungs fólks. Jafnframt er lagt upp úr því að ritið höfði til ungmenna og að þau geri sér grein fyrir að jafnréttismál varða bæði kynin og eru öllum til hagsbóta. Í ritinu eru hnitmiðaðar upplýsingar úr rannsóknum, gagnagrunnum, lögum og reglugerðum. Kynungabók má nálgast hjá ráðuneytinu og Jafnréttisstofu en einnig hér á vefnum.

Aldurstig: Unglingastig og framhaldsskólar

Útgáfuár: 2010

Höfundar: Berglind Rós Magnúsdóttir, Guðrún M. Guðmundsdóttir, Jóna Pálsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Jónsdóttir

Myndefni: Hugleikur Dagsson

Ég er bara ég: Myndasaga um veru sem verður til á rannsóknastofu og kynnist ólíkum börnum í bekk í grunnskóla. Veran kynnist því hve mannfólkið er mismunandi og hve tilfinningar skipta miklu máli í lífi okkar. Reynsla hennar skapar grundvöll að umræðum og viðfangsefnum um jafnrétti í viðum skilningi þar sem áhersla er á skilning á því að allir séu jafnir óháð útliti, trú, þjóðerni og líkamlegu og andlegu atgervi svo eitthvað sé nefnt.

Aldurstig: Miðstig

Útgáfuár: 2000 / 2001

Höfundur: Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson

Myndefni: Böðvar Leós

Vefútgáfa: Kennsluleiðbeiningar á vef. Ásdís Olsen og Lilja M. Jónsdóttir

Jafnréttishandbókin: Umfjöllunarefni þessarar handbókar er jafnrétti í skólastarfi, skyldur skólans og ábyrgð í jafnréttismálum. Fjallað er um hvernig skólar setja sér jafnréttisstefnu og sjónum beint að jafnrétti kynjanna í námi og starfi. Í bókinni er m.a. að finna gátlista fyrir kennara, eyðublöð og hugmyndir að verkefnum í kennslu.

Aldurstig: Yngsta stig, Miðstig, Unglingastig

Útgáfuár: 2000

Höfundur: Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir

Myndefni: Freydís Kristjánsdóttir

Karlmennska og jafnréttisuppeldi: Í bókinni skoðar Ingólfur stöðu drengja í skólum en undanfarin misseri hefur þeirri skoðun vaxið fiskur um hrygg að drengir eigi þar undir högg að sækja. Ingólfur ræðir um goðsagnir og veruleika sem endurspeglast sitt á hvað í þessum umræðum. Ingólfur nýtir fræðilegar kenningar og fjölmargar rannsóknir, innlendar og erlendar, m.a. eigin viðtalsrannsókn við íslenskar grunnskólakennslukonur, til þess að leggja fram raunhæfar tillögur um jafnréttisuppeldi drengja. Bók Ingólfs er tímabært innlegg í íslenska skólamálaumræðu, ekki síst með tilliti til niðurstöðu Pisa-rannsóknarinnar sem nýlega var kynnt í fjölmiðlum. Ingólfur telur að slakan námsárangur drengja megi ekki síst rekja til áhrifa hefðbundinna og skaðlegra karlmennskuímynda á drengi.

Aldurstig: Fyrir kennara allra stiga

Útgáfuár: 2005

Höfundur: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Kynlega klippt og skorið: Bók sem sett er upp sem úrklippubók unglings sem er að velta fyrir sér málefnum kynjanna. Ýmis félagsmótandi öfl eru skoðuð í spéspegli og athyglinni beint að ríkjandi gildismati samfélagsins. Efninu er ætlað að vera kveikja að umræðum og verkefnum um málefnið.

Aldurstig: Unglingastig

Útgáfuár: 2001

Höfundur: Ásdís Olsen, Karl Ágúst Úlfsson

Myndefni: Böðvar Leós

Vefútgáfa: Kennsluleiðbeiningar á vef. Ásdís Olsen og Lilja M. Jónsdóttir

Kynjamyndir í skólastarfi: Í þessari bók er fjallað um nám, kennslu og stjórnun uppeldis- og menntastofnana í kynjafræðilegu ljósi. Efni bókarinnar er ætlað nemendum og kennurum á ýmsum skólastigum en ætti að nýtast öllum þeim sem áhuga hafa á efninu. Bókin er safn 11 kafla þar sem m.a. er fjallað um konur og kennslu, kynferði og vísindi, feminískar kenningar, karlmennsku og kvenleika, náms- og starfsráðgjöf og fagþróun leikskólakennara. Bókina er hægt að panta hjá Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Útgáfuár: 2005

Ritstjórn: Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir

Leið þín um lífið - Siðfræði fyrir ungt fólk: Bókin er ætluð elstu nemendum grunnskólans í námsgreininni Lífsleikni. Það er því vel við hæfi að hún nálgast nemendur sína á persónulegri hátt en títt er í íslenskum námsbókum. Heiti bókarinnar talar beint til nemenda í 2. persónu, en ekki nóg með það, kaflarnir nálgast nemendur í 1. persónu - þ.e. frá þeim sjálfum og bera heiti eins og Hvernig líður ævi mín? Hverju skipta ástvinir og félagar og vinir í lífi mínu? Hvers vænti ég af hamingjuríku lífi? Hvernig tek ég ákvarðanir? Í texta er auk þess oft talað beint til nemendanna í 2. persónu og þeir beðnir að hugleiða, skrifa, gera eitthvað.

Aldurstig: Unglingastig

Útgáfuár: 2002

Höfundur: Leonare Brauer, Dr. Richard Breun, Dr. Astrid Erdmann og Maritta Schöne

Þýðing: Stefán Jónsson

Lífsgildi og ákvarðanir: Náms efni í kynfræðslu sem fjallar jöfnum höndum um líffræðilega og siðfræðilega þætti kynlífs. Um er að ræða kennarabók, 13 stutta þætti á einu myndbandi og foreldrabók. Myndbandið er til úthlutunar til grunnskóla. Náms efnið er þýtt úr ensku.

Aldurstig: Unglingastig

Útgáfuár: 1991

Höfundar: John Forliti, Lucy Kapp, Sandy Naughton og Lynn Young

Þýðing: Bogi Arnar Finnbogason

Líkt og ólíkt: Kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi: Í þessu riti birtist safn greina sem er liður í umfangsmikilli norrænni rannsóknar- og þróunarvinnu um jafna stöðu kynja í starfsháttum og inntaki kennaramenntunar, NORD-LILIA. Verkefnið, sem hófst árið 1992 og lýkur með útgáfu þessa rits, hefur verið fjármagnað með framlögum frá Norrænu ráðherranefndinni. Um er að ræða 62 þróunarverkefni í skólum, þar af 7 íslensk. Í þróunarverkefnunum haf tekið þátt 113 kennaraskólakennarar, kennarar og skólastjórnendur við 37 kennaraháskóla og háskóla, kennarar við 21 leik- grunn- og framhaldsskóla og tvö sveitarfélög.

Aldurstig: Fyrir kennara allra stiga

Útgáfuár: 1998

Ritstjóri: Anne-Lise Arnesen

Þýðandi: Ingólfur V. Gíslason

Margt er um að velja: Náms- og starfsfræðsla á vef Námsgagnastofnunnar. Efninu er ætlað að auðvelda einstaklingum val á námi og starfi. Þegar nemendur hafa farið í gegnum efnið ættu þeir að hafa öðlast aukna þekkingu á sjálfum sér og umhverfi sínu og vera betur í stakk búnir til að taka ákvörðun um nám og störf í framtíðinni.

Aldurstig: Unglingastig

Útgáfuár: 2004

Höfundur: Berglind Helga Sigurpórsdóttir og Helga Helgadóttir

Vefútgáfa: http://www.namsgagnastofnun.is/margt_er_um_ad_velja/index.htm

Nýir drengir og nýjar stúlkur - ný uppeldisstefna? Þessi bók er hugsuð sem inn legg í umræðuna um stráka og stelpur í skólanum og er tilraun til að fá starfsfólk á mennta- og uppeldisstofnunum til að velta fyrir sér jafnréttismálum. Hugsu um börn en einnig um stelpur og stráka á þeim grundvelli að svo margt í heiminum sé öðruvísi fyrir stelpur en stráka að hugsast getur að stundum þurfi þau á misjöfnum upplifunum að halda til að verða það sem við höfum sem sameiginlegt markmið, hamingjusamt og samvinnufúst fólk sem eru metin og mera aðra án kynjamisréttis.

Aldurstig: Fyrir kennara allra stiga einnig leikskóla

Útgáfuár: 2004

Ritstjóri: Ole Bredersen

Þýðandi: Ingólfur V. Gíslason

Netútgáfa: ókeypis rafræn útgáfa

Þíkutorfan: Greinasafn eftir ungar konur um það hvernig það er að vera stelpa og vaxa upp í nútíma samfélagi. Hópur ungra femínista í Svíþjóð skrifuðu þessa bók til að vekja yngri kynsystur sínar til meðvitundar um stöðu sína í samfélaginu og virkja gagnrýna hugsun. Íslensku þýðendurnir staðfærðu og bættu við tveim köflum. Tilvalið efni til að mynda umræður um unglíngamenningu og ólík viðhorf til kynjanna.

Aldurstig: Unglingastig, Framhaldsskóli

Útgáfuár: 2000

Höfundar: Linda Norrman Skugge, Belinda Olsson og Brita Zilg

Þýðendur: Hugrún R. Hjaltadóttir og Kristbjörg Kristjánsdóttir

Réttindi mín: Bók um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Þessi samningur er jafnan kallaður Barnasáttmálinn og á við um öll börn og alla unglínga undir 18 ára aldri í heiminum öllum. Sérstakt efni er líka til fyrir kennara í grunn- og framhaldsskólum, um hvernig best sé að haga kennslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Aldurstig: 1.-3. hefti fyrir ólíka aldurshópa, 4. hefti er fyrir kennara

Útgáfuár: 1994

Höfundur: Árný Elíasdóttir og Heimir Pálsson

Sagan af Sylvíu og Darra: Leikin íslensk mynd sem greinir frá Sylvíu og Darra, ungu fólki sem er að hefja sambúð. Fljótlega kemur í ljós að þau hafa ólíkar hugmyndir um verkaskiptingu á heimilinu. Þegar þau fá góða vinnu að loknu námi og eignast sitt fyrst barn fer verulega að reyna á samband þeirra. Myndin hentar vel í tengslum við fræðslu um jafnan rétt kynjanna í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskólum.

Aldurstig: Unglingastig, Framhaldsskóli

Útgáfuár: 2000

Lengd: 25 mín.

Upp úr hjólförum - um mótun kynjanna: Mynd sem fjallar um mótun kynjanna og þau öfl sem leiða til þess að stúlkur og drengir fara inn í hefðbundin kynjamynstur þjóðfélagsins. Rætt er við kennara, uppeldisfræðinga og fleiri um afleiðingar þessarar mótunar. Rætt er hvaða leiðir séu færar til að ala upp einstaklinga af báðum kynjum sem verði færir um að takast jöfnum höndum á við uppeldishlutverk og fyrirvinnuhlutverk á fullorðinsárum. Menntamálaráðuneytið hefur látið gera bækling um sama efni, undir sama titli. Myndin og bæklingurinn eiga erindi til kennara, foreldra og allra þeirra sem áhuga hafa á uppeldismálum.

Aldurstig: Miðstig, Unglingastig, Framhaldsskóli

Útgáfuár: 1989

Úr viðjum vanans: Fræðsla fyrir kennara og annað fólk sem starfar með börnum um kynmótun og kynferðislegt ofbeldi ásamt hugmyndum að kennsluefni. Farið er yfir hvernig kynmótun heldur okkur í viðjum vanans og samfélagið grefur niður allar upplýsingar um kynferðislegt ofbeldi. Þetta er óútgefin ritgerð en höfundur selur hana á kostnaðarverði og flytur fyrirlestra um efnið.

Aldurstig: Yngsta stig, miðstig og unglingsstig

Höfundur: Halla Gunnarsdóttir halla[at]kaninka.net

Verndum þau: Flest börn búa við öruggt og friðsælt umhverfi heima, í skóla, leik og frístundastarfi. Því miður á þetta ekki við um öll börn; sum eiga undir högg að sækja, eru beitt ofbeldi? líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu? eða eru vanrækt

á einhvern hátt. Það er mikilvægt fyrir alla þá sem starfa með börnum og unglingum að vera meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð, geta lesið í vísbendingar um að vanræksla eða ofbeldi eigi sér stað gegn börnum heima fyrir, í skóla eða annars staðar og viti hvernig bregðast á við ef slík mál skjóta upp kollinum. Verndum þau fjallar um alla þessa þætti á aðgengilegan hátt og eru lesendur upplýstir um eðli og birtingarmyndir ofbeldis og vanrækslu, auk þess sem gerð er grein fyrir ferli mála af þessu tagi hjá barnaverndaryfirvöldum og innan dómskerfisins.

Bókin er ætluð öllum þeim sem starfa með börnum og unglingum, í skólum og íþróttá-, félags- og æskulýðsstarfi af öllu tagi. Höfundarnir, þær Ólöf Ásta Farestveit, uppeldis- og afbrotafræðingur, og Þorbjörg Sveinsdóttir, BA í sálfræði, starfa báðar í Barnahúsi og hafa mikla reynslu af barnaverndarmálum. Bókin er gefin út í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Æskulýðsráð ríkisins.

Aldurstig: Yngsta stig, Miðstig og Unglingastig

Útgáfu ár: 2006

Höfundur: Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir